



Bréf til Borgarráðs frá kennurum Hlíðaskóla

Erindi: Sumarlokun bókasafna

Kennarar í Hlíðaskóla í Reykjavík lýsa yfir furðu sinni á þeirri ákvörðun að loka bókasöfnum borgarinnar í sumar. Eins og fram kemur á vef Menntamálastofnunar hafa rannsóknir sýnt fram á að rof í lestrarþjálfun barna yfir sumartímann sýnir mælanlega afturför í færni þeirra.

Kennarar í Reykjavík hafa hvatt nemendur sína til þess að stunda bókasafnið í hverfinu sínu á meðan sumarleyfi skólans stendur. Mörg börn hafa tekið virkan þátt í sumarlestri á safninu sínu og þannig viðhaldið lestrarfærninni. Börnin hafa orðið virkir og reglulegir gestir á hverfissafninu sínu, kynnst starfsfólki, skipulagi safnsins og þjálfast í að velja sér bækur og viðhaldið lestrarþjálfun.

Við hvetjum stjórnendur Reykjavíkurborgar til þess að endurskoða þá ákvörðun að lestrarþjálfun barna víki fyrir hagræðingu í rekstri.

F.h. kennara í Hlíðaskóla,

Hildur Heimisdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Hrafnhildur Heimisdóttir

Ragnheiður Óskarsdóttir

Vilborg Hildur Baldursdóttir

Heiða Lára Eggertsdóttir